

4. Raunhæft verkefni, námskeið vorið 2011

Brottvikning nemanda úr grunnskóla

Þú ert skólanefndarmaður og þér berst til eyrna að í grunnskóla sveitarfélagsins þíns glími skólayfirvöld við ákveðið vandamál vegna ítrekaðra brota nemanda í 8. bekk og erfiðrar hegðunar. Þú setur þig í samband við skólastjóra vegna þess að þú hefur áhyggjur af því að hegðun þessa nemanda sé að spilla friði og skólabrag skólans. Þú óttast jafnvel að vegna ítrekaðra brota af hálfu nemandans fái aðrir nemendur í bekknum hans ekki þá kennslu sem þeir eiga rétt á.

Skólastjóri segir ástandið erfitt en hann sé að leita leiða til að leysa málið þannig að allir verði sáttir. Málið sé bara svo erfitt að hann viti ekki alveg hvernig hann eigi að leysa það. Þú ert nýbúinn að vera á námskeiði Sambandsins fyrir fræðslunefndarfulltrúa og telur þig þ.a.l. vita hvernig skólinn og skólanefnd eigi að bregðast við. Þú segir skólastjóranum að samkvæmt lögum um grunnskóla þá megi reka krakka úr skóla sem engu gegna. Þú treystir skólastjóra til að vinna sína vinnu og fylgist ekki með hvernig málinu framvindur.

Viku seinna fréttir þú að nemandanum hafi verið vísað úr skóla.

Hvernig bregst þú við?

- a. Hugsar sem svo að nemandinn hafi ekki látið segjast og því hafi hann bara fengið sína refsingu.
- b. Hugsar sem svo að það hafi ekki verið skólanefndarfundur í þó nokkurn tíma að skólastjóri hafi ekki haft tækifæri til að ræða málið við skólanefndina. En þar sem hann sé forstöðumaður skólans beri hann ábyrgðina. Lætur þar við sitja.
- c. Hugsar sem svo að skólanefnd hljóti að eiga að hafa aðkomu að brottvísun nemenda úr grunnskóla og setur þig í samband við formann nefndarinnar og biður um að skólanefnd verði kölluð saman til að ræða brottvísunina.

Málið vindur upp á sig. Foreldrar nemandans kæra brottvísunina til ráðuneytisins til að fá hana fellda úr gildi. Segja skólann og skólanefnd ekki hafa reynt neitt til að leysa málið, hafi ekki boðið nemandandum annað úrræði eða reynt að koma til móts við þarfir hans. Þar að auki segja þau sig ekki hafa fengið nein tækifæri til að tjá sig um brottvísunina eða málið yfirleitt. Reyndar hafi einn fundur verið haldinn um málið í skólanum en engin fundargerð sé til eða skráning hafi átt sér stað um neitt í málinu.

Ráðuneytið kemst að þeirri niðurstöðu að skólastjóri hafi ekki staðið með lögumætum hætti að brottvísuninni og því beri að fella hana úr gildi.

- Til hvaða viðbragða telur þú að skóli og skólanefnd hefðu átt að taka til að standa með lögumætum hætti að brottvísuninni?